

# Leiðbeiningar um styrkhæfi verkefna

## Einstaklingar

### Tímabil

Hámarksstyrkur er 425.000 kr. á tveggja ára tímabili. Styrkir eru greiddir að jafnaði á föstudögum ef öll gögn hafa borist fimm dögum fyrir greiðsludag.

### Nám

- Styrkhæft er viðurkennt/gæðavottað nám.
- Tungumála- og upplýsingatækninám/-námskeið eru styrkt
- Ekki eru greiddir styrkir til rannsókna og kynnisferða

Styrkir eru veittir vegna eftirtalinna kostnaðarpátta:

- A. Skólagjald
- B. Námskeiðsgjald
- C. Ráðstefnugjald
- D. Ferðakostnaður sem hlýst af A-C
  - Í ferðakostnaði er innifalið m.a. flug, lestarferðir og kostnaður vegna gistingar. Ekki eru greiddar ferðir innanbæjar, bensín eða leiga á bílaleigubílum.
  - Rökstyðja þarf staðarval náms/námskeiðs erlendis.

## Stofnanir

Styrkt er eftirfarandi:

### A. Starfsþróunaráætlanir

Gerð starfsþróunaráætlana innan stofnunar.

Fullur styrkur er veittur í fyrsta sinn fyrir gerð starfsþróunaráætlana en gert er ráð fyrir að starfsmenn stofnana uppfæri sjálfir áætlunina í framtíðinni.

### B. Verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum

Verkefni sem tengjast framþróun stofnana og falla að markmiðum stofnunar í starfsþróunarmálum.

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunnar heldur þarf að vera um framþróun og nýsköpun að ræða. Greitt er að jafnaði fyrir fyrirlestra og fundarsali.

Verkefni sem ná til fleiri en félagsmanna STH eru styrkt í hlutfalli við vægi þeirra.

## *Stéttarfélög*

### *Styrkhæfi verkefna*

Styrkt eru fagnámskeið, ráðstefnur og verkefni er varða þróun í faginu eða starfi stéttarféлага. Greitt er að jafnaði fyrir ráðgjöf, fyrirlestra, námskeiðshaldara, ráðningu verkefnastjóra og fundarsali.

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi félaga heldur þarf að vera um framþróun og nýsköpun að ræða.

## *BHM og starfsmannaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis*

### *Styrkhæfi verkefna*

Námskeið, ráðstefnur og sérstök átaksverkefni er vita að eflingu mannauðs ríkisstofnana eru styrkhæf. Verkefni þurfa að stuðla að starfsþróun starfsmanna með því markmiði að auka verðgildi þeirra á vinnumarkaði sem og framþróun stofnana.

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af rekstri og reglubundinni starfsemi.